

Aðalfundur Heimilis og skóla 7. apríl 2014

Fundargerð

Ketill B Magnússon, formaður Heimilis og skóla setur fundinn kl. 18.05.

Ragnar F Valsson og Björn Rúnar Egilsson bjóða sig fram sem fundarstjóri og fundarritari. Fundurinn samþykkir kjör þeirra einróma.

Ketill leggur **ársskýrslu Heimilis og skóla 2013** fyrir fundinn og heldur stutta kynningu á helstu verkefnum ársins 2013: Nýr samstarfssamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið til 4 ára, en áður var kosið til eins árs; Tímarit Heimilis og skóla gefið út síðasta haust og sent á úrtak foreldra barna sem fædd eru 2008 og hófu skólagöngu síðasta haust. Foreldradagurinn var haldinn í þriðja sinn í Borgarnesi og efnt var til fundaherferða um allt land, um námskrárkynningu og Foreldrar og forvarnir.

Mikilvægt fyrir samtökin að vera sýnileg og tala augliti til auglitis við foreldra í landinu. SAFT vinnan var umfangsmikil. Rekstur samtakanna gekk mjög vel á árinu en helsta áskorun Heimilis og skóla nú er að fjölga félögum í samtökunum svo þau hafi fjárhagslegt sjálfstæði og sterkt umboð frá foreldrum í landinu.

Ketill þakkar starfsfólki, stjórnarmeðlimum og öllum sem lagt hafa hönd á plóginn fyrir samtökin. Ketill lítur sáttur til baka yfir farinn veg, en hann hefur verið í stjórn síðan ársins 2006. Í kjölfar erfiðrar stöðu árið 2010 tók stjórnin að sér að leiða endurskipulagningu samtakanna. Með eljusemi tókst að reisa reksturinn við og er hann í góðum horfum.

Miklar breytingar standa fyrir dyrum á næstu árum og þurfa Heimili og skóli að koma að ákvarðanatöku og gæta hagsmuna foreldra. Það er ekki sjálfsagt að foreldrum sé boðin aðkoma þegar ákvarðanir um skólamál eru annars vegar.

Ketill vonar að foreldrastarf muni blómstra á komandi árum og þakkar kærlega fyrir sig.

Ársreikningur 2013 er kynntur í stuttu máli. Ársreikningur er skoðaður af faglegum skoðunarmönnum: Barbara Björnsdóttir og Hilmar Ingimundarson. Reikningurinn er unninn með aðstoð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar lögg. Endurskoðanda og er hans vinna afar mikilvæg þar sem verkefni Heimilis og skóla og SAFT eru flókin.

Tekjur umfram gjöld árið 2013 eru rúmar 6 milljónir. Rekstrarhagnaður er ekki markmið samtakanna í sjálfu sér, en gott er að hafa sjóð þar sem reksturinn er oft á tíðum sveiflukenndur (t.a.m. eru tekjur SAFT verkefnisins í evrum og hefur gengið þar áhrif á reksturinn). Því er gott að hafa varasjóð upp á að hlaupa. Farið er yfir rekstrarreikninginn, rekstrartekjur og rekstrargjöld. Tekjur samtals um 60 milljónir (saft verkefni, félagsgjöld, styrkir og aðrar tekjur) en gjöldin samtals rúmlega 54 milljónir (útlagður kostnaður við SAFT, laun og tengd gjöld, skrifstofu- og stjórnunarkostnaður og ýmis verkefni). SAFT könnun Capacent og bætt stöðugildi er þar hluti skýringarinnar. Innborguð félagsgjöld eru tæpar átta milljónir en afskrifuð og niðurfærð félagsgjöld eru tæpar 700 þúsund. Styrkir og aðrar tekjur samtals um 21 milljón en eigið fé eru rúmar tólf milljónir. Farið er yfir skýringar við ársreikninginn, en þær má sjá í ársreikningi (bls.11-13). Tekið er við fyrirspurnum úr sal varðandi ársreikninginn.

Ársreikningurinn lagður fyrir fundinn til samþykktar. Reikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Næst er **gengið til kosninga í stjórn Heimilis og skóla 2014 - 2015**. 7 eru í stjórn, 5 eru að ljúka störfum eða hætta og því þarf að kjósa þrjá til tveggja ára og tvo til eins árs.

Fyrst er kosið til formanns. Í framboði er Anna Margrét Sigurðardóttir frá Neskaupsstað í Fjarðabyggð. Anna hefur verið í stjórn Heimilis og skóla í fjögur ár og hefur mikla reynslu úr foreldrastarfi í sinni heimabyggð. Anna á fimm syni og eitt barnabarn á öllum skólastigum.

Anna er kosin með lófaklappi allra, en ekkert mótframboð barst.

Næst er kostið í tvær stöður til eins árs.

Hlíf Böðvarsdóttir býður sig fram, starfaði áður við saft verkefnið, er viðskiptafræðingur að mennt og starfar fyrir Keili og Háskólann í Reykjavík. Situr í stjórn RANNUM. Á börn á mismunandi aldri. Þekkir vel til saft og hefur mikinn

áhuga á jafnrétti barna til náms. Hefur verið að hanna námsefni í stærðfræði fyrir börn.

Hrafndís Tekla Pétursdóttir. Tekla er framkvæmdastjóri foreldrahúss, vímulausrar æsku. Hefur einnig starfað sem skólasálfræðingur og á leikskóla. Var framkvæmdastjóri Nýrrar leiðar sem var með meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga í neyslu. Hefur mikla reynslu af því að starfa með unglingum í vanda.

Hlíf og Hrafndís eru sjálfkjörnar þar sem framboðin voru ekki fleiri.

Næst er kosið í þrjú sæti til tveggja ára.

Pröstur Jónasson, er sérfræðingur í upplýsingatækni. Er menntaður sálfræðingur. Hefur komið að saft verkefninu, aðstoðað á skrifstofunni og á börn á grunn- og framhaldsskólastigi. Hefur verið í stjórn foreldrafélags og í skólaráði. Hefur mikinn áhuga á aðkomu foreldra á skólastarfi og hvernig hægt sé að virkja foreldra almennt.

Jenný Ingudóttir, vinnur hjá embætti landlæknis. Hefur áður verið í stjórn og unnið í saftverkefninu fyrir hönd Lýðheilsustöðvar. Er lýðheilsufræðingur og hefur mikinn áhuga á foreldrasamstarfi.

Sigrún Edda er formaður foreldrafélags álftanesskóla og varaformaður Grunnstoðar. Er þriggja barna móðir, á börn á grunn- og framhaldsskólastigi. Mannauðsstjórnun og fræðsluverkefni, m.a. fyrir fjármálafyrirtæki. Sigrún hefur mikinn áhuga uppeldismálum. Sigrún segir í stuttu máli frá sameiningarferlinu (Álftanes og Garðabær).

Heimir Eggerz, frá Akureyri. Formaður foreldrafélagsins í Síðuskóla og Samtaka sem eru foreldrasamtök barna á grunn- og framhaldsskólaaldri. Á fjögur börn á grunn- og leikskóla, þrjár stúlkur og einn dreng. Hefur alla tíð sett sig vel inn í foreldrastarf. Er lærður húsasmiður en fór fyrir nokkru í forvarnarskóla Íslands og hefur unnið sem sjálfstæður ráðgjafi. Hefur unnið að því að efla samstarf á milli skólastiga og á milli heimila og skóla.

Fjögur framboð eru til þriggja sæta og því er gengið til leynilegra kosninga.

Úrslit: Sigrún Edda, Pröstur og Jenný eru kosin til tveggja ára.

Næst: kosning skoðunarmanna. Sömu skoðunarmenn, Barbara og Hilmar eru kosnir með lófataki.

Önnur mál.

Hrefna Sigurjónsdóttir veitir Katli Magnússyni fráfarandi formanni blómvönd og fundurinn þakkar honum fyrir samstarfið síðastliðin ár.

Nýr formaður þakkarfráfarandi formanni og stjórnarmeðlimum fyrirsamstarfið og hlakkar til að starfa með nýrri stjórn.

Bryndís framkvæmdastjóri SAMFOK þakkar Katli fyrir gott samstarf sem og Heimili og skóla og hlakkar til að takast á við ný verkefni með nýrri stjórn.

Svava þakkar starfsfólki og fráfarandi stjórnarmeðlimum kærlega fyrir samstarfið á undanförunu og óskar nýliðum og samstarfsfólki velfarnaðar í framtíðinni.

Ketill óskar öllum velfarnaðar í framtíðinni og hvetur starfsfólk og stjórnarmeðlimi til þess að vera stórhuga og draga vagninn í umræðunni um uppeldis og skólamál.

Hrefna þakkar fundarstjórnaum fyrir störf sín og veitir honum glaðning.

Ragnar Valsson segir fundinum slitið kl. 19.25.